

Umsjónarmaður fasteigna

Verzlunarskóli Íslands auglýsir laust til umsóknar starf umsjónarmanns fasteigna.

Í starfinu felst dagleg umsjón með húseignum og búnaði skólans þ.m.t. ýmislegt viðhald og viðgerðir. Umsjónarmaður er í samskiptum við eftirlitsaðila, t.d. um bruna- og heilbrigðiseftirlit. Umsjónarmaður annast jafnframt innkaup á húsbúnaði og vörum er lúta að viðhaldi og rekstri húseigna.

Við leitum að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi sem lætur sér annt um eignir skólans og er lipur í mannlegum samskiptum. Um er að ræða fjölbreytt starf á lifandi og skemmtilegum vinnustað.

Hæfnikröfur:

- Tæknimenntun, iðnmenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking á framkvæmdum og viðhaldi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Almenn tölvukunnátta.

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna- og þróunarstjóri gunninga@verslo.is eða í síma 5 900 600. Umsóknarfrestur er til 1. október og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með 1030 nemendur og er húsnæði skólans 10.750 fermetrar. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.